

Ed. **183. Nefndarálit** [106. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 97 27. des. 1973, um löndun á loðnu til bræðslu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með eftirgreindri

BREYTINGU:

Við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, skal m/s Ísafold, 800 lesta skipi frá Hirtshals í Danmörku, vera heimilt að veiða loðnu í landhelgi og landa henni á svæðinu frá Patreksfirði norður um til Seyðisfjarðar sem íslenskt skip í febrúar og mars 1975, enda hlíti það reglum er sjávarútvegsráðuneytið setur, sé rekið af íslenskum aðila og áhöfn þess sé íslensk.

Alþingi, 17. des. 1974.

Steingrímur Hermannsson, form., frsm.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr.	Oddur Ólafsson.
Jón G. Sólmes.	Stefán Jónsson.	Jón Árm. Héðinsson.
	Jón Árnason.	